

VEIÐIMÁLASTOFNUN  
*Bókasafn*

Rannsóknir á fiskistofnum


Leirvogsár 1990

Friðjón Már Viðarsson

Veiðimálastofnun VMSTR/91014x

Eintak bókasafns

VMST- R/91014x



VEIÐIMÁLASTOFNUN  
Vistfræðideild

INNGANGUR

Rannsóknir á fiskistofnum Leirvogsár fór fram á síðasta ári með líku sniði og undanfarin ár (Sigurður Guðjónsson 1986, 1987, Þórólfur Antonsson 1989, Elvar H. Hallfreðsson og Sigurður Guðjónsson 1990).

Áður hefur vatnsvæðinu verið lýst með tilliti til stærðar þess, einkennum árinnar, botngerð, fæðuframboði og leiðni (Þórólfur Antonsson 1983 og Sigurður Guðjónsson 1986).

FRAMKVÆMD

Rannsóknirnar skiptast niður í þrjá þætti:

a) Skúli Skarphéðinsson, veiðivörður hefur séð um söfnun hreisturs og örmerkjaleit af stangveiddum laxi. Hreistrið hefur verið sett upp og lesið síðan hjá Veiðimálastofnun auk þess sem örmerki voru lesin. Af hreistrinu var hægt að sjá aldur á villta laxinum og þar með hvaða árgangur væri ríkjandi í laxagöngunni sumarið 1990. Einnig sást hve mikið var um aðkomufisk í aflanum.

b) Upplýsingar um stangveiði frá ári til árs fékkst úr veiðibókum og skýrslum Veiðimálastofnunar um laxveiði (Guðni Guðbergsson 1990, 1991).

c) Seiðaástand var athugað á fimm stöðum í ánni. Einn staður var á ófiskgenga hluta árinnar en hinar á fiskgenga hlutanum. Ein stöð að auki var í Stardalsá (mynd 1).

#### NIÐURSTÖÐUR OG UMRÆDA

##### a) Hreistursýni og örmerki

Lesin voru 412 hreistursýni eða 83,9% af stangveiddum laxi sem er mjög gott úrtak. Að meðaltali yfir allt veiðitímabilið var hafbeitarlax 23,8%, kvíalax 18,9% og villtur lax 57,3% (mynd 2). Eins og undanfarin ár þá er minna af eldisfiski fyrri part sumars en eykst eftir því sem líður á sumarið. Það sem er sláandi þetta árið er hlutdeild hafbeitarfisks. Hún hefur aukist mikið miðað við árið á undan (mynd 3). Árið 1989 var hafbeitarfiskur einungis 4,7% en árið 1990 er hann 23,8%. Kvíafiskur hefur aftur á móti minnkað frá árinu 1989 úr 22,4% í 18,9% árið 1990. Vegna þess hve hafbeitarfiskur hefur aukist mikið þá hefur eldisfiskur í heildina aukist úr 27,1% árið 1989 í 42,7% 1990 (mynd 3).

Þessar niðurstöður sýna glögglega hvaða stefnu fiskeldið hefur tekið undanfarin ár. Örmerkjaniðurstöður styðja þessa hreisturlesningu því meirihluti örmerkjanna sem kom í Leirvogsá 1990 kemur úr sleppingum

hafbeitarstöðva. Þrjú eru úr Laxeldisstöðinni í Kollafirði, two úr Vogalax og eitt úr Lárós. Síðan er eitt úr sleppingum úr Úlfarsá og eitt úr sleppingum í Langá (tafla 1) (Upplýsingar fengnar hjá Sumarliða Óskarssyni Veiðimálastofnun). Til öryggis, vegna erfðablöndunar, þá voru fryst svil árið 1989 úr 9 laxahængum og 1990 úr 6 laxahængum, sem örugglega voru upprunnir úr Leirvogsá. Ráðlegt er að gera þetta einnig næsta haust.

Aldursskipting villta laxins svipar mjög til niðurstaðna síðasta árs. Mest er um eins árs lax úr sjó eins og algengast er á SV-horninu. Ferskvatnsaldurinn er algengastur þrjú ár.

Minna er um tveggja ára heldur en árið á undan (1989)(tafla 2)(Elvar H. Hallfreðsson og Sigurður Guðjónsson 1990). Sjö laxar höfðu hryngt áður. Samkvænt þessum niðurstöðum þá er uppistaðan í klakárganginum sem heldur laxagöngunni 1990 uppi mest frá 1986 en síðan minna frá 1985, aðrir árgangar koma ekki teljandi fram (tafla 3).

#### b) Stangveiði

Alls veiddust 489 laxar 1990 (mynd 4) sem skiptast niður í 244 hænga og 242 hrygnur auk þess sem 1 bleikja og 11 urriðar veiddust (Guðni Guðbergsson 1991). Laxagangan 1990 er rúmlega meðalveiði miðað við meðaltal frá 1974-1989 sem hefur verið 438 laxar. Mest var veiðin 1988 með 1057

laxa en minnst 136 laxar árið 1980 (Guðni Guðbergsson 1990). Þyngd hænga og hrygna hefur verið með lægra móti síðustu ár og má það að öllum líkendum rekja til smárra eldisfiska sem hafa komið í kerfið. Meðalþyngd hænga 1990 var 4,8 pund en hrygna 4,1 pund (mynd 5).

#### c) Seiðaathuganir

Af þeim fimm stöðvum sem rafveitt var í Leirvogsá er ein fyrir ofan Tröllafoss auk þess sem ein stöð var tekin í Stardalsá og því eru þessar tvær síðarnefndu stöðvar á ófiskgenga hluta árinnar.

Á þessum tveimur stöðvum eru laxar eingöngu sem sleppiseiði en þau eru á lengdarbílinu frá 7,1cm-14,0cm. Bleikju og urriðaseiði eru þarna einnig en bleikja fannst hvergi annars staðar.

Mest er um laxaseiði á stöð nr.2 en frá henni minnkar seiðafjöldinn til sjávar frá 73.3 seiðum á 100 m<sup>2</sup> í 39,2 seiði á 100 m<sup>2</sup> á stöð nr. 5 (tafla 4, myndir 6,7 og 8). Fjöldi laxaseiða í Leirvogsá fyrir hvern aldurshóp á 100 m<sup>2</sup> hefur verið mismunandi í gegnum árin (tafla 5). Fá seiði voru af öllum aldurshópum 1989 (Elvar H. Hallfreðsson og Sigurður Guðjónsson 1990) en sterkir árgangar eru að koma upp bæði vorgömul seiði og eins árs sem ættu að koma í veiði árin 1993 og 1994.

Til reynslu þá voru hrogn grafin síðasta haust fyrir ofan Tröllafoss til að styrkja komandi seiðaárganga.

Stórum merktum smáseiðum verður sleppt á sama svæði sumarið 1991 en þau ganga til sjávar 1992.

Þeim seiðum sem sleppt var til að styrkja 1988 árganginn en náðu ekki stærð til að gegna því að fullu ættu að fara flest til sjávar vorið 1992 þó að stærstu seiðin geti farið í vor.

Þar sem þessi slepping heppnaðist ekki sem skyldi þá var áætlað að sleppa haustseiðum 1990 sem yrðu gönguseiði vor 1991. Þetta gekk ekki eftir því seiðin misfórust í eldi. Gönguseiðum verður hins vegar sleppt nú vorið 1991 til að fylla upp í það skarð sem 1988 árgangurinn skilur eftir og ætti að vera uppistaðan í veiði 1992 (í rafveiði sumarið 1990 er þessi árgangur einungis með 0,7 seiði á 100 m<sup>2</sup> miðað við árgang sem kæmi í veiði 1993 sem er með 22,8 seiði á 100 m<sup>2</sup>, tafla 5).

Laxaganga sumarið 1991 verður að öllum líkendum eitthvað minni en sumarið 1990 vegna færri seiða sem standa undir laxagöngunni. Í skýrslu um Leirvogsá frá 1989 segir að 2+ seiði séu 2,9 seiði á 100 m<sup>2</sup> en sá árgangur stendur að mestu undir laxagöngu sumarið 1991. Til viðmiðunar þá kemur það fram í skýrslu um Leirvogsá frá 1988 þá eru nokkuð fleiri 2+ seiði eða 11,1 seiði á 100 m<sup>2</sup> sem höfðu staðið

undir laxagöngunni sumarið 1990 (tafla 5).

Holdastuðull var reiknaður (tafla 6). Samkvæmt honum þá virðast seiðin ekki skorta næringu. Meðallengd, meðalþyngd hefur minnkað lítillega miðað við árið á undan (1989) hjá öllum árgögnum nema hjá vorgömlum seiðum þar sem meðallengd þeirra hefur aukist (tafla 6)

Mikilvægt er að haldið sé áfram, eins og á undanförnum árum, því góða átaki sem hefur verið í hreistursöfnun og örmerkjaleit í Leirvogsá til þess að möguleiki sé að sjá breytingar sem verða í aldurssamsetningu og magni eldisfisks. Einnig er sýnilegt að árgangastyrkur seiða í Leirvogsá er mismunandi og því er nauðsynlegt að halda áfram að fylgjast með nýliðun næstu árin.

#### HEIMILDIR

Guðni Guðbergsson 1990. Laxveiðin 1989. Veiðimálastofnun.

VMSTR/90016.

Guðni Guðbergsson 1991. Laxveiðin 1990. Veiðimálastofnun.

Óbirt.

Elvar H. Hallfreðsson og Sigurður Guðjónsson 1990.

Laxastofn Leirvogsár 1989. Veiðimálastofnun.

VMSTR/90009.

Sigurður Guðjónsson 1986. Athuganir á laxastofni Leirvogsár  
og Köldukvíslar 1986. Veiðimálastofnun VMSTR/86028.

Sigurður Guðjónsson 1987. Rannsóknir á laxastofni  
Leirvogsár 1987 Veiðimálastofnun. VMSTR/87035.

Þórólfur Antonsson 1983. Vöxtur, fæða og fæðuframboð laxa  
og urriðaseiða í Leirvogsá 1981. Prófritgerð,  
Reykjavík 54 bls.

Þórólfur Antonsson 1989. Laxastofn Leirvogsár 1988.  
Veiðimálastofnun. VMSTR/89019X.

Tafla 1. Endurheimtur í Leirvogsá á Veiðiuggaklipptum (örmerktum)  
laxi sumarið 1990.

Dags	kyn	lengd	þyngd	veiðistaður	sleppistaður	sleppiár ath.
	*	( cm )	(kg)			
2/8	90	1	59	2,2	Helguhylur	Langá 1989
2/8	90	1	57	2,0	Rennur	Vogalax 1989
14/8	90	1	43	0,8	Brúarhylur	Merkislaus
25/8	90	1	61	2,5	?	Kollafjörður 1989
27/8	90	2	69	4,0	Birgishylur	Merkislaus
1/9	90	1	62	2,3	Varmadalshylur	Vogalax 1989
3/9	90	2	76	4,0	Hornhylur	Úlfarsá 1988
7/9	90	2	64	2,3	Hola	Kollafjörður 1989
7/9	90	1	51	1,5	Minni Mosfellshylur	Lárós 1989
18/9	90	1	66	2,7	Ketilhylur	Kollafjörður 1989

Fjöldi=10

Þar af merkislausir=2

\* Kyn : 1=hængur, 2=hrygna

Kollafjörður=Laxeldisstöðin í Kollafirði

(Upplýsingar fengnar hjá Sumarliða Óskarssyni Veiðimálastofnun)

Tafla 2. Aldurssamsetning villtra laxa eftir hreistursýnum 1990 úr Leirvogsá.

Ár í sjó	1		2		3		fjöldi	%
	hæ	hr	hæ	hr	hæ	hr		
Ár í ánni								
2	5	6	1	2			14	6,1
3	99	69	14	23			205	89,5
4	6	4					10	4,4
fjöldi	110	79	15	25			229	
%	48,0	34,5	6,6	10,9				
%	82,5		17,5					

Auk þess laxar sem hafa hryngt áður

2 stk. hængar 3.1G+

3 stk. hrygnur 3.1G+

1 stk. hrygna 3.1G+G+

og ókyngreindur lax

1 stk 3.1+

Tafla 3. Hrygningar og klakár náttúrulegs lax sem tekið var hreistur af í Leirvogsá 1990.

Hrygning	Klak	Fjöldi
1986	1987	11
1985	1986	172
1984	1985	52
1983	1984	1
	Samtals	236

Tafla 4. Fjöldi seiða á hverja 100 m<sup>2</sup> fyrir hverja rafveiðistöð (ein yfirferð).

Stöð	stærð stöðva (m <sup>2</sup> )	lax	urriði	bleikja
1	120	10,0	3,3	8,3
2	150	73,3	0,7	
3	200	59,0	1,0	
4	150	52,7	11,3	
5	250	39,2		
Stardalsá	150	2,0	1,3	0,7


Tafla 5. Fjöldi laxaseiða á 100 m<sup>2</sup> fyrir hvern aldurshóp í einni rafveiðiyfirferð í fiskgenga hluta Leirvogsár frá 1985-1990.

Ár	Aldur 0 +	1+	2+	3+	m <sup>2</sup> í rafveiði	fjöldi stöðva
1985	6,0	28,2	3,5		620	4
1986	5,8	11,0	11,0		1070	7
1987	13,5	11,0	6,5	0,2	1780	6
1988	1,2	29,5	11,1		515	6
1989	6,7	2,8	2,9	0,5	790	5
1990	28,1	22,8	0,7	2,4	750	4

Tafla 6. Meðallengd ( $\bar{L}$ ), meðalþyngd ( $\bar{P}$ ), meðalholdastuðull ( $\bar{K}$ ) og staðalfrávik (SF) á laxaseiðum fyrir hvern aldurshóp í fiskgenga hluta Leirvogsár.

Aldur	fjöldi	$\bar{L}$	SF	$\bar{P}$	SF	$\bar{K}$ *
0	211	3,91	0,37			
1	171	6,43	0,78	2,99	1,50	1,08
2	5	9,42	0,38	8,44	1,03	1,01
3	18	11,25	0,69	13,73	4,11	1,08
Samtals	405					


$$* K = \frac{\text{þyngd} \times 100}{\text{lengd}^3}$$



Mynd 1. Vatnakerfi Leirvogsár. Sýnatökustaðir eru merktir inn á.


Leirvogsá 1990  
Skipting eftir uppruna (%)

a)




Leirvogsá 1990  
Fjöldi laxa eftir uppruna

b)




Mynd 2. Skipting hreistursýna eftir uppruna í Leirvogsá 1990  
a) Skipting í %. b) Skipting eftir fjölda.

# Leirvogsá 1986-1990 Skipting eftir uppruna




Mynd 3. Skipting hreistursýna eftir uppruna í Leirvogsá frá 1986-1990.

## Stangveiði í Leirvogsá 1974–1990




Mynd 4. Stangveiði í Leirvogsá 1974–1990. (Skipt í villtan lax og eldislax í sama hlutfalli og var í hreistursýnum viðkomandi ár).

Meðalþyngd hænga og hrygna í Leirvogsá  
1974–1990




Mynd 5. Pyngd hænga og hrygna í Leirvogsá frá 1974–1990.


## Stöð 1





## Stöð 2



## Stöð 3




Mynd 6. Fjöldi, aldur og lengd laxaseiða á hverri stöð í Leirvogsá 1990.




Frh. af mynd 6.

## Leirvogsá fiskgengi 'hluti




Mynd 7. Fjöldi, aldur og lengd laxaseiða í fiskgenga hluta Leirvogsár 1990.

## Urriðaseiði í Leirvogsá




\* auk þess einn urriði 19,1cm (4+)



## Bleikjuseiði í Leirvogsá



\* öll voru á svæði 1

Stardalsá  
lax

SLEPPÍ SEITÐI

Stardalsá  
urriðiStardalsá  
bleikja

Mynd 8. Fjöldi, aldur og lengd bleikju og urriðaseiða í Leirvogsá auk lax, bleikju og urriðaseiða í Stardalsá.